

Skólaráðsfundur 12. febrúar 2025

Mætt: Rafn Markús Vilbergsson skólastjóri, Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri, Hulda Hauksdóttir fulltrúi kennara, Særós Pálsdóttir fulltrúi starfsmanna, Magnea Waltersdóttir og Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir fulltrúar foreldrafélags Njarðvíkurskóla, Kristinn Einar formaður nemendaráðs og fulltrúi nemenda, Hafdís Inga Sveinsdóttir fulltrúi nemenda og Hámundur Örn framkvæmdarstjóri UMFN, fulltrúi grenndarsamfélagsins. Kristbjörg Eyjólfsdóttir fulltrúi kennara og Stefan C. Hardonk formaður foreldrafélags Njarðvíkurskóla boðuðu forföll.

1. Fulltrúar nemendaráðs, Kristinn Einar og Hafdís Inga kynntu starf nemendaráðs Njarðvíkurskóla.
 - a. kynntu íþróttaviðburði á vegum ráðsins
 - b. kappát, þema og keppnir sem eru í boði fyrir nemendur
 - c. aðrir viðburðir s.s. öskudagur, spurningakeppni, bingó, opin hús fyrir yngri og eldri nemendur
 - d. nemendaráðsslútt í lok skólaárs

Spurt var út í mætingu nemenda á viðburði og er hún ágæt að sögn nemenda. Rætt var um að það vanti betri aðstöðu fyrir unglíngastigið í frítímum. Hrós fyrir viðburði og Instagram fréttasíðuna þeirra. Ábending að setja fast á skjáinn tíma sem falla niður. Rætt um litla tengingu við Fjörheima, spurning hvernig er hægt að auka aðkomu Fjörheima við nemendaráðið í skólanum og félagslíf skólans.

2. Fjárhagsáætlun skólans - Rafn kynnti lykiltölur í rekstraráætlun fyrir Njarðvíkurskóla og Ösp.
3. Skóladagatal Njarðvíkurskóla 2025-2026 - Rafn fór yfir dagatalið og eftir kynninguna var dagatalið borið upp til samþykktar fundarfólks og var það samþykkt.
4. Sjálfsmat skóla og umbótaáætlun - Guðný kynnti
5. Önnur mál:
 - a. rætt um hvernig við getum náð betri mætingu forráðamanna á þau fræðsluerindi sem boðið er uppá. Höfum verið að senda heim forms-könnun sem hefur gefist vel. Hugmynd líka að setja viðburði einnig á Mentor.
 - b. foreldrafélag vill styrkja bekkjarfulltrúa til að vera með viðburð með bekkjum/árgöngum.
 - c. spurt um skóhorn í skógeymsluna, Rafn heyrir í umsjónarmanni fasteignar.

Á næsta fundi:

- skipulag næsta skólaárs, framkvæmdir, ráðningarmál.

Fundarritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri Njarðvíkurskóla